

Hafnarfirði 16. mars 2022

Efni: Aurora Basecamp, Snókalönd, lóð, fyrirspurn

Á fundi bæjarráðs þann 17. febrúar 2022 vað lagður fram tölvupóstur frá Basecamp Iceland vegna fyrirspurnar um lóð undir starfsemina. Bæjarráð óskaði eftir umsögn Umhverfis- og skipulagssviðs.

(Það stendur reyndar í bókun bæjarráðs: *skipulags- og byggingarsvið*, en það heitir í dag, Umhverfis- og skipulagssvið)

Umsögn:

Þar sem umrætt svæði kallaði á breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar og var sú breyting samþykkt í bæjarstórn Hafnarfjarðar á fundi þann 8. desember sl. er mælt með að bæjarráð veiti fyrirtækinu afnot af landi, eða lóð undir mannvirkin og að í kjölfarið verði farið í deiliskipulagsgerð þar sem teknar verða ákvarðanir og settir skilmálar um frekari landnotkun og landnýtingu, hönnun mannvirkja og fleira sem skiptir máli á þessum stað.

Breytingin birtist í B- deild Stjórnartíðinda þann 6. janúar 2022. Fyrirtækið hefur rekið starfsemi sína á stöðuleyfum en í leiðbeiningum um stöðuleyfi sem Ingibjörg Halldórsdóttir hdl. gerði fyrir Mannvirkjastofnun 2017 er skýrt kveðið á hvaða lausafjármunir falla undir ákvæði um stöðuleyfi.

Mannvirki þau sem Basecamp Iceland hafa reist fyrir sína starfsemi túlkast sem mannvirki og kalla á byggingarleyfi.

Skv. framasögðu er mælt með að Base camp fái úthlutað landi og í kjölfarið verði farið í deiliskipulagsgerð.